

## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2011.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 23. nóvember 2010 til og með 30. apríl 2011.

#### 2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni er 138.777 lestir

#### 3. gr.

Loðnuafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtadri loðnu um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar loðnu utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn loðnu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda loðnunnar, eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótum á miðunum milli skipa sem hafa leyfi til loðnuveiða í því skyni að koma í veg fyrir að loðnu sé sleppt dauðri úr nótum. Fáir veiðiskip svo stórt kast að skipstjóri telji að ekki sé lestartými fyrir þann afla sem hann áætlar að sé í nótinum og ekkert skip nærstatt til að miðla loðnuafla til, skal heimilt áður en verulega er þrengt að loðnunni í nótinum að sleppa niður lifandi loðnu sem fyrirsjáanlega rúmast ekki í lestum skipsins. Vinnsluskipum er ekki heimilt að sleppa niður loðnu til að samræma afla vinnslugetu.

Um vigtun á loðnu gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 11' N – 014° 30' V	7. 66° 15' N – 012° 00' V
2. 68° 00' N – 014° 30' V	8. 66° 12' N – 012° 22' V
3. 68° 00' N – 010° 00' V	9. 66° 40' N – 012° 40' V
4. 65° 15' N – 010° 00' V	10. 66° 47' N – 013° 00' V
5. 65° 15' N – 011° 20' V	11. 66° 52' N – 013° 08' V
6. 66° 05' N – 011° 30' V	12. 67° 11' N – 014° 30' V

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 sm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

## 5. gr.

Stundi skip veiðar á loðnu vestan 018°V á tímabilinu 23. nóvember 2010 til og með 31. desember 2010 skulu Hafrannsóknastofnunin og Fiskistofa fylgjast náið með hlutfalli unglóðnu í aflanum. Skulu eftirlitsmenn vera um borð í skipum á meðan á veiðum stendur, að því marki sem stofnanirnar telja vera nauðsynlegt. Með vísan í 4. ml. 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast greiðslu alls kostnaðar sem vera eftirlitsmanns um borð í skipi kann að leiða af sér.

## 6. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*